

Farice ehf.

## Ársreikningur 2023

Farice ehf.  
Guðríðarstíg 2-4  
113 Reykjavík

kt. 511203-2950

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun Ríkisendurskoðunar .....	5
Rekstrarreikningur .....	7
Efnahagsreikningur .....	8
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10
Ófjárhagsleg upplýsingagjöf .....	16

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Farice ehf. var stofnað árið 2003 í þeim tilgangi að veita þjónustu á sviði fjarskipta- og gagnaflutninga. Félagið gegnir mikilvægu hlutverki í rekstri og uppbyggingu innviða fyrir íslenskt samfélag. Fyrirtækið rekur þrjá sæstrengi milli Íslands og Evrópu, FARICE-1, DANICE og ÍRIS, sem tengja Ísland við önnur alþjóðleg gagnaflutningskerfi t.a.m. í London, Amsterdam, Dublin og Kaupmannahöfn. Nýjasti strengur félagsins, ÍRIS, var tekinn í notkun 1. mars 2023 og hefur nú þegar aukið fjarskiptaöryggi Íslands umtalsvert, í samræmi við þingsályktun um stefnu í fjarskiptum fyrir árin 2019-2033.

Helsta almenna áhættan í rekstri félagsins snýr að endingartíma sæstrengja þess, en félagið gerir ráð fyrir endurnýjun á þeim í rekstraráætlunum sínum. Einnig getur óvænt bilun haft mikil áhrif á rekstur félagsins ef slík bilun yrði langvinn. Félagið er með samning við viðgerðaskip sem tryggir félaginu forgang að viðgerðþjónustu í sjó ef til slíkrar bilunar kæmi. Reynsla Farice af rekstri sæstrengja er hins vegar afar góð og hefur félagið enn ekki orðið fyrir bilun í sjó. Bilanir í landkerfum eru hins vegar nokkrar á hverju ári og því félaginu mikilvægt að búa yfir mörgum virkum og óháðum leiðum á landi til gagnaflutnings.

## Rekstur ársins 2023

Samkvæmt rekstrarreikningi nema rekstrartekjur um 13,4 milljónum evra og er EBITDA 6,6 milljónir evra. Tekjur af sölu á bandvið hækkuðu um 300 þús evra milli ára og EBITDA lækkaði um 460 þúsund evra milli ára sem kemur til af auknum rekstrarkostnaði með tilkomu ÍRIS sæstrengsins. Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir félagsins um 96 milljón evra og eigið fé nemur um 66,5 milljónir evra. Eiginfjárlutfall félagsins er 69,2%. Tap af rekstri félagsins var 2,1 milljónir evra en afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna voru um 8 milljónir evra. Félagið greiddi niður skuldir að fjárhæð 2,7 milljónir evra og átti 5,2 milljónir evra af handbæru fé í árslok 2023, þar af voru um 150 þúsund evra sérgreint fé vegna ÍRIS verkefnisins. Stjórn leggur til að tap félagsins færist til hækkunar á ójfnuðu tapi félagsins og arður verði ekki greiddur út á komandi ári. Að öðru leyti er vísað til ársreiknings varðandi breytingar á eigin fé, sbr. skýringu 12.

ÍRIS verkefninu lauk að mestu á árinu. Strengurinn fór að bera umferð þann fyrsta mars og eru öll stærstu fjarskiptafyrirtæki landsins farin að beina hluta af sinni umferð yfir hann. Þannig fer í dag fjarskiptaumferð almennra notenda yfir þrjá óháða fjarskiptasæstrengi til Evrópu eins og til stóð með verkefninu. Lokaáfangi fjármögnunar lauk einnig á árinu með EUR 0,4 milljóna hlutafjárhækkun þannig að kostnaður verkefnisins var EUR 50,4 milljónir. Minniháttar frágangsmál standa eftir svo sem frágangur lóðar í Þorlákshöfn sem félagið áætlað að ljúki endanlega á árinu 2024. Ítarleg skoðun fór fram á reikningshaldslegri meðferð á ÍRIS í efnahagsreikningi Farice sbr. skýringu 9.

Á Írlandi er lendingarleyfi IRIS strengsins í höndum Írskis dótturfélags Farice, sem stofnað var árið 2022. Þar sem engin starfsemi verður í félaginu önnur en lögformlegt eignarhald leyfisins er ekki saminn samstæðuársreikningur og jafnframt horfið frá hlutdeildaraðferð í samræmi við heimildir ársreikningalaga, sbr. skýringu 14.

Sýn hf. kærði ákvörðun ESA um að heimila ríkisstuðning til Farice vegna ÍRIS verkefnisins til EFTA dómstólsins í júlí 2021 og ógilti dómurinn ákvörðunina í júní 2022. ESA hefur því málið aftur til skoðunar ásamt samningi Farice við Fjarskiptasjóð frá árinu 2018 og býst Farice við að niðurstaða fái stöðu í málið á árinu 2024. Farice hefur fengið lagalega ráðgjöf um að niðurstaða EFTA dómstólsins snúi að rannsókn ESA og varði ekki efnisinntak ákvörðunar ESA. Farice gerir þannig ekki ráð fyrir öðru en að fyrri ákvörðun ESA um ríkisstuðninginn verði staðfest í ítarlegri skoðun ESA á málinu.

Á árinu lauk uppbyggingu á nýju landkerfi félagsins á suðvestur hluta Íslands en félagið hefur frá 2021 unnið að uppbyggingu á högun landtenginga sem eykur öryggi fjarskiptasambanda mikið. Einnig felst umtalsverð hagkvæmni í nýrri högun kerfisins umfram fyrri högun.

Þróunarverkefni eru félaginu mikilvæg til þess að auka öryggi útlandafjarskipta, styrkja netinnviði og bæta þjónustu við viðskiptavinum. Stærstu verkefni félagsins eru undirbúningur og lagning fjarskiptasæstrengja sem eru stór og kostnaðarsöm verkefni og þarfnast ítarlegar skoðunar áður en til framkvæmda kemur. FARICE-1 er elsti fjarskiptasæstrengur félagsins og er hann nú 20 ára. Farið var í ítarlega skoðun á honum á árinu þar sem tæknilegt ástand hans var metið ásamt hagkvæmni þess að reka hann áfram. Niðurstaða þeirrar vinnu var að félagið metur að líftími hans verði a.m.k. 30 ár og miðast afskriftir hans á árinu við þá niðurstöðu sbr. skýringu 9. Félagið hefur jafnframt hafið frumskoðun fyrir næsta fjarskiptastreng, bæði á mögulegum lendingarstöðum á Íslandi og í Evrópu og færur sjóleiðum.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið rekur tæknibúnað í nokkrum löndum og krefst sá búnaður reglulegs viðhalds og uppsetningar. Félagið þarf þannig að sinna viðhaldi og eftirliti með reglulegum hætti erlendis. Innleiðing stendur yfir á formlegu stjórnskipulagi net- og upplýsingaöryggis, í samræmi við lög nr. 70/2022 um fjarskipti, með hliðsjón af ISO/IECC 27001 gæðastaðlinum. Í byrjun ársins 2024 tók gæðastjóri til starfa hjá félaginu sem mun m.a. hafa umsjón með innleiðingarferlinu.

Hjá félaginu störfuðu 8 starfsmenn í fullu starfi á árinu og einn í hlutastarfi og fjölgaði stöðugildum um eitt frá árinu á undan.

## Hlutfé

Á árinu var hlutfé í félaginu aukið um 400 þúsund evra vegna kostnaðar við lagningu á nýjum sæstreng. Í árslok og ársbyrjun átti Ríkissjóður Íslands allt hlutfé félagsins. Félagið á enga eigin hluti.

## Stjórnarhættir og ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með eignarhald ríkisins í Farice ehf. Stjórn félagsins leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja ákvæðum laga, samþykktu og almennri eigendastefnu ríkisins frá september 2021, í þeim tilgangi að ná markmiðum ríkisins með eignarhaldinu. Stjórn félagsins er skipuð þremur stjórnarmönnum og einum varamanni. Breytingar urðu á stjórn félagsins á árinu og voru Martha Eiríksdóttir, Andri Heiðar Kristinsson og Ríkarður Ríkarðsson kosin sem stjórnarmenn. Nanna Kristín Tryggvadóttir var kosin varamaður. Stjórn skipti með sér verkum og er Martha stjórnarformaður og Andri varaformaður. Stjórn samþykkti starfsreglur og starfsáætlun stjórnar í upphafi starfstíma. Samþykktir félagsins voru uppfærðar samhliða hlutfjárhækkun félagsins á árinu. Stjórn ræður framkvæmdastjóra félagsins og er Þorvarður Sveinsson framkvæmdastjóri þess.

Innleiðing stendur yfir á stefnu um innra eftirlit og hefur félagið sett sér markmið um að fullklára þá innleiðingu fyrir árslok 2025. Takmarkanir eru á innra eftirliti vegna þess hve fá stöðugildi eru hjá félaginu en félagið hefur farið í aðgerðir til þess að bregðast við þeirri áhættu. Aðaláhersla við áhættumat félagsins tengist aðgerðaráætlunum til að bregðast við mögulegri truflun á fjarskiptasambandi vegna sæstrengja auk varna gegn netárásam.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og gefur glögga mynd af eignum og skuldum félagsins og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2023, rekstrarafkomu og sjóðstreymi fyrir rekstrarárið sem lauk 31. desember 2023 auk þess að lýsa áhættu- og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir. Þrátt fyrir taprekstur ársins telur stjórnin ekki ástæðu til að efa rekstrarhæfi félagsins, sbr. skýringu 16. Skýrsla stjórnar veitir yfirsýn yfir þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess.

Stjórn og framkvæmdastjóri Farice ehf. staðfesta hér með ársreikning Farice ehf. 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. mars 2024


Stjórn Farice ehf.



Ríkarður Ríkarðsson



Martha Eiríksdóttir, stjórnarformaður



Þorvarður Sveinsson  
Framkvæmdastjóri



Andri Heiðar Kristinsson

# Áritun Ríkisendurskoðunar

---

## Til stjórnar og hluthafa Farice ehf.

### Álit

Ársreikningur Farice ehf. fyrir árið 2023 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Farice ehf. 31. desember 2023, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður Farice ehf. og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum.

### Aðrar upplýsingar

Að álit Ríkisendurskoðunar koma fram í skýrslu stjórnar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri (stjórnendur) eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Farice ehf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að leysa félagið upp.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að aflað sé nægjanlegar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

## Áritun Ríkisendurskoðunar

---

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og aflað endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhá reglum innra eftirlits.
- Aflar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metur hvort reikningssskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningssskilareglur.
- Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 27. mars 2024



Guðmundur Björgvin Helgason  
ríkisendurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Sala á bandvídd .....		13.404.693	13.107.741
Aðrar tekjur .....		10.400	39.500
	3	<u>13.415.093</u>	<u>13.147.241</u>
Rekstur fjarskiptakerfa .....	8	5.246.021	4.649.919
Annar rekstrarkostnaður .....	8	1.564.179	1.433.875
		<u>6.810.200</u>	<u>6.083.794</u>
<b>Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði .....</b>		6.604.893	7.063.447
Afskriftir .....	9	( 7.979.174)	( 6.278.491)
<b>Rekstrarhagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði</b>		( 1.374.281)	784.956
Vaxtatekjur .....	11	166.053	32.424
Vextir og verðbætur .....	11	( 909.935)	( 918.352)
Gengismunur .....		( 939)	148.746
<b>Hrein fjármagnsgjöld .....</b>		<u>( 744.820)</u>	<u>( 737.183)</u>
<b>Hagnaður (Tap) ársins .....</b>		<u>( 2.119.101)</u>	<u>47.773</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir .....	9	86.728.895	43.356.027
Framkvæmdakostnaður vegna Íris sæstrengsins .....	9	0	48.671.500
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	2.896.574	3.168.005
Fastafjármunir		<u>89.625.469</u>	<u>95.195.533</u>
Viðskiptakröfur .....	4	379.039	216.000
Aðrar kröfur .....		572.904	611.757
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	271.433	265.907
Handbært fé .....	5	5.175.322	4.244.666
Veltufjármunir		<u>6.398.698</u>	<u>5.338.330</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>96.024.167</u>	<u>100.533.863</u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....		78.275.905	77.875.905
Ójafnað tap .....		( 11.801.186)	( 9.682.085)
Eigið fé samtals	12	<u>66.474.719</u>	<u>68.193.820</u>
<b>Skuldir</b>			
Vaxtaberandi langtímaskuldir .....	7	25.645.128	28.344.615
		<u>25.645.128</u>	<u>28.344.615</u>
Næsta árs afborganir vaxtaberandi langtímaskulda .....	7	2.699.487	2.699.487
Viðskiptaskuldir .....		610.949	762.824
Aðrar skuldir og fyrirframinnheimtar tekjur .....		593.885	533.117
Skammtímaskuldir		<u>3.904.321</u>	<u>3.995.428</u>
Skuldir samtals		<u>29.549.448</u>	<u>32.340.043</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>96.024.167</u>	<u>100.533.863</u>

## Sjóðstreymisyfirlit árið 2023

	Skýr.	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður (Tap) ársins .....		( 2.119.101)	47.773
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	9	7.979.174	6.278.491
Aðrir liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi .....	10	265.905	179.652
		<u>6.125.978</u>	<u>6.505.916</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna .....		( 124.185)	( 55.328)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda .....		( 91.107)	171.362
		<u>( 215.293)</u>	<u>116.034</u>
		<u>5.910.686</u>	<u>6.621.950</u>
Handbært fé frá rekstri			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	9	( 2.680.542)	( 21.506.479)
Aðrar langtíma fjárfestingar .....	10	0	( 2.422.000)
		<u>( 2.680.542)</u>	<u>( 23.928.479)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Nýtt hlutafé .....	12	400.000	10.500.000
Afborganir langtímalána .....		( 2.699.487)	( 2.699.487)
		<u>( 2.299.487)</u>	<u>7.800.513</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....		930.657	( 9.506.016)
Handbært fé 1. janúar .....		4.244.666	13.750.682
Breyting ársins .....		930.657	( 9.506.016)
Handbært fé 31. desember .....		<u>5.175.323</u>	<u>4.244.666</u>

# Skýringar

## 1. Félagið

Farice ehf., kt. 511203-2950, er íslenskt einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, með starfsstöð að Guðríðarstíg 2-4 í Reykjavík. Hlutverk félagsins er að tryggja örugg fjarskipti milli Íslands og nærliggjandi landa í gegnum sæstrengi sem tengjast landsnetum í Danmörku, Bretlandi, Færeyjum og Írlandi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### A. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr 3/2006 um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðs-reikningsskilum og er settur fram í evrum, starfrækslugjaldmiðli félagsins, og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### B. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafi áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### C. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í öðrum gjaldmiðlum en evrum eru umreiknaðar í starfrækslugjaldmiðil á skráðu gengi í lok ársins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

## 3. Innlaun tekna

Tekjur eru færðar til bókar þegar til þeirra hefur verið unnið. Tekjur félagsins samanstanda af sölu á fjarskiptasamböndum milli Íslands, Færeyja, Bretlands, Írlands og meginlands Evrópu í gegnum sæstrengi í eigu félagsins. Tekjur eru stöðugar og fyrirsjáanlegar og byggja á sölusamningum sem almennt eru gerðir til a.m.k. eins árs í senn.

Um 66% af tekjum félagsins vegna sölu á bandvídd koma frá fjórum sölusamningum en hlutfallið var 67% árið 2022. Um 57% tekna félagsins eru vegna innanlandsviðskipta sem er örlítið lægra hlutfall en árið á undan (2022: 58%).

## 4. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði og endanlega tapaðar kröfur eru færðar úr bókum félagsins. Um 95% viðskiptakrafna við árslok voru í evrum, sama hlutfall og árið á undan.

## 5. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

## 6. Iris sæstrengur

Lagningu Irisar, nýs sæstrengs milli Íslands og Írlands, er lokið og var strengurinn tekinn í notkun á árinu, þann 1. mars. Kostnaður við verkefnið var upphaflega áætlaður 50 millj. evra sem fjármagnaður var með hlutafjárukningu, 39,5 millj. árið 2021 og 10,5 millj. 2022.

Við árslok 2023 nemur kostnaður verkefnisins um 50,35 millj. evra en gert er ráð fyrir að heildarkostnaður verði um 50,4 millj. Breyting frá upphaflegri áætlun skýrist að mestu af kostnaði vegna tafa við framkvæmdir sökum veðurs og var fjármögnuð með hlutafjárhækkun að fjárhæð 400 þús. evra á árinu.

# Skýringar

## 7. Vaxtaberandi skuldir

Endurlán ríkissjóðs (ER) er í evrum og ber fasta 2,5% vexti. DANICE strengurinn, lendingarstöð DANICE á Landeyjasandi ásamt öllum tengdum eignum og búnaði eru veðsett fyrir skuld félagsins við ER. Félagið hefur síðustu ár nýtt laust sjóðsflæði til niðugreiðslu lánsins umfram fastar afborganir en í ljósi hagstæðra vaxtakjara sem bjóðast á innlánsreikningum hefur félagið markað sér stefnu um lausafjárstyringu sem miðar að því að ávaxta laust fé á innlánsreikningum sé það hagfellt fyrir félagið.

Gjaldmiðill	Loka-gjalddagi	2023		2022		
		Meðalvextir	Eftirstöðvar	Meðalvextir	Eftirstöðvar	
Veólán frá ER...	EUR	2034	Fastir 2,5%	28.344.615	Fastir 2,5%	31.044.102
Næsta árs afborganir.....				(2.699.487)		(2.699.487)
Vaxtaberandi langtímaskuldir við árslok.....				25.645.128		28.344.615

Afborganir langtímalána, færðar meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi, greinast þannig næstu ár:

	2023	2022
Afborganir 2024/2023.....	2.699.487	2.699.487
Afborganir 2025/2024.....	2.699.487	2.699.487
Afborganir 2026/2025.....	2.699.487	2.699.487
Afborganir 2027/2026.....	2.699.487	2.699.487
Afborganir 2028/2027.....	2.699.487	2.699.487
Síðar.....	14.847.180	17.546.667
	28.344.615	31.044.102

Breyting vaxtaberandi skulda á árinu greinist þannig:

	2023	2022
Vaxtaberandi skuldir 1. janúar .....	31.044.102	33.743.589
Afborganir langtímaskulda.....	( 2.699.487)	( 2.699.487)
Vaxtaberandi skuldir 31. desember .....	28.344.615	31.044.102

## 8. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður félagsins greinist með eftirfarandi hætti:

<b>Laun og launatengd gjöld:</b>	2023	2022
Laun .....	923.136	859.534
Launagöld .....	204.633	191.240
Orlofsskuldbinding .....	1.124 (	9.063)
Eignfærður launakostnaður .....	0 (	51.373)
Samtals .....	1.128.893	990.337
Ársverk .....	8,5	7,5
<b>Almennur rekstrarkostnaður</b>	2023	2022
Rekstur fjarskiptakerfa .....	5.246.021	4.649.919
Endurskoðun ársreiknings .....	25.748	29.634
Annar rekstrar- og sjórnunarkostnaður .....	409.538	413.903
Samtals .....	5.681.307	5.093.457

# Skýringar

## 9. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eigna á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti frá þeim tíma sem eignir eru teknar í notkun, miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Tengibúnaður.....	10 ár
Tengistöðvar.....	20 ár
Sæstrengir og búnaður undir sjávarmáli.....	20 -30 ár
Aðrar eignir.....	5 - 10 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstegi og leiðrétt ef við á.

	Fjarskipta- búnaður og tæki	Farice	Danice	Iris	Samtals
<b>Heildarverð</b>					
Heildarverð 1.1.2022 .....	23.692.274	46.950.412	83.758.167	28.241.426	182.642.279
Viðbót á árinu .....	1.076.405			20.430.074	21.506.479
Heildarverð 31.12.2022 .....	24.768.679	46.950.412	83.758.167	48.671.500	204.148.758
Viðbót á árinu .....	1.001.838	0	0	1.678.704	2.680.542
Úreitt á árinu .....	( 9.005.323)	0	0	0	( 9.005.323)
Heildarverð 31.12.2023 .....	16.765.194	46.950.412	83.758.167	50.350.204	197.823.977

### Afskriftir

Afskrifað 1.1.2022 .....	18.451.135	41.122.645	46.268.961	0	105.842.741
Afskriftir ársins .....	423.161	1.868.655	3.986.675	0	6.278.491
Afskrifað 31.12.2022 .....	18.874.296	42.991.300	50.255.636	0	112.121.232
Afskriftir ársins .....	1.588.165	395.911	3.883.184	2.111.914	7.979.174
Fært út á árinu .....	( 9.005.323)				( 9.005.323)
Afskrifað 31.12.2023 .....	11.457.138	43.387.211	54.138.820	2.111.914	111.095.083

### Bókfært verð

Bókfært verð 31.12.2022 ...	5.894.383	3.959.112	33.502.531	48.671.500	92.027.526
Bókfært verð 31.12.2023 ...	5.308.056	3.563.201	29.619.347	48.238.290	86.728.894

Fasteignir félagsins eru staðsettar á Íslandi og í Skotlandi.

	FNR	Fasteignamat	Brunabótamat
Sandbakki 3 .....	F2519037	66.512	153.488
Hallgeirsey 2 .....	F2314984	295.083	1.147.176
Gill Park, Skotlandi .....	1160088507	391.067	-

Vátryggingarverðmæti fjarskiptabúnaðar og tækja á landi nam um 20,8 millj. evra í ársbyrjun 2024.

Við árslok nam framkvæmdakostnaður vegna lagningar IRIS sæstrengsins um 50,35 millj. evra en strengurinn var tekinn í notkun þann 1. mars á árinu. Áformað er að strengurinn þjóni í 25 ár hið minnsta en bókhaldslegar afskriftir hans miðast við 20 ár. Afskriftir ársins eru í samræmi við notkunartíma eða 10 mánuði ársins 2023.

Þar sem IRIS er fyrst og fremst innviðafjárfesting til að auka fjarskiptaöryggi Íslands meta stjórnendur líttal líkur á að færa þurfi virðisrýrnun strengsins á komandi árum, í samræmi við IPSAS 21 staðalinn sem fjallar um virðisrýrnun ótekjuskapandi eigna og heimild til að meta fjárfestingu út frá endurstofnverði að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Frávikið sem stjórnendur byggja álit sitt á felst í því að á meðan IRIS er í virkni og sinnir hlutverki sínu sé tilgangur strengsins fyrst og fremst að auka fjarskiptaöryggi og mun félagið því beita framangreindu undanþáguákvæði í samræmi við IPSAS og meta fjárfestinguna út frá endurstofnverði.

# Skýringar

## 9. Rekstrarfjármunir

Ekki var framkvæmt virðisrýrnunarpróf á FARICE-1 og DANICE þar sem ekki hafa orðið forsendubreytingar frá fyrra virðisrýrnunarprófi. Þörf á virðisrýrnunarprófi fyrir FARICE-1 og DANICE verður endurmetin í lok yfirstandandi árs.

Uppsetningu á framhaldstengikerfi (backhaul), sem styrkir landleiðir allra sæstrengja félagsins lauk á árinu, en framkvæmdir hafa staðið yfir frá árinu 2022. Kerfið hefur verið tekið í notkun að fullu og lýtur hefðbundnum afskriftareglum miðað við 10 ára notkunartíma.

Skoðun á ástandi FARICE-1 strengsins leiddi í ljós að strengurinn er í góðu ástandi og var því ákveðið að endurnýja endabúnað hans á komandi ári, og þar með lengja líftíma strengsins um a.m.k.10 ár. Afskriftir eftirstöðva bókfærðs virðis strengsins taka því mið að því.

Virði úrelds búnaðar sem færður var úr bókum félagsins á árinu nemur um 898 þús evra.

## 10. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður samanstendur af gjaldi fyrir ríkisábyrgð á láni frá Endurlánum ríkissjóðs sem tekið var 2019 og lendingarleyfi vegna IRIS sæstrengsins sem gildir til 35 ára og verður gjaldfært yfir notkunar- og líftíma strengsins, sem áætlaður er 20 ár. Eignarhald leyfisins er í höndum írskis dótturfélags Farice sem hefur þann tilgang að hafa lögformlegt eignarhald á leyfinu. Fyrirframgreiddur kostnaður greinist með eftirfarandi hætti:

	Ábyrgðargjald ER	Lendingarleyfi
Staða við árslok .....	846.924	2.321.083
Upphæðir færðar í rekstrarreikning 2024, birt á meðal veltufjár .....	150.333	121.100
Upphæðir færðar í rekstrarreikning 2025 .....	135.657	121.100
Upphæðir færðar í rekstrarreikning 2026 .....	120.990	121.100
Upphæðir færðar í rekstrarreikning 2027 .....	106.323	121.100
Upphæðir færðar í rekstrarreikning 2028 .....	91.667	121.100
Upphæðir færðar í rekstrarreikning síðar .....	241.954	1.715.583
Fyrirframgreiddur kostnaður birtist þannig í efnahagsreikningi:	<b>2023</b>	<b>2022</b>
Fyrirframgreiddur kostnaður á meðal fastafjármuna .....	2.896.574	3.168.005
Fyrirframgreiddur kostnaður á meðal veltufjármuna .....	271.433	265.907
	<b>3.168.007</b>	<b>3.433.912</b>

## 11. Sundurliðun fjármagnsliða

Vaxtatekjur félagsins greinast með eftirfarandi hætti:

	2023	2022
Innvextir af innstæðum í innlendum bönkum .....	165.955	32.423
Innvextir af innstæðum í erlendum bönkum .....	98	1
	<b>166.053</b>	<b>32.424</b>

Vaxtagjöld félagsins greinast með eftirfarandi hætti:

Vaxtagjöld af langtímaláni .....	744.947	738.700
Ábyrgðagjald ER fært í rekstrarreikning .....	164.988	179.652
	<b>909.935</b>	<b>918.352</b>

# Skýringar

## 12. Eigið fé

Heildarhlutfé félagsins er um 78,6 millj. evra að nafnverði. Hækkun frá 2022 er 400 þús evra.

Yfirlit eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Ójafnað tap	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2023 .....	77.875.905 (	9.682.085)	68.193.820
Hækkun hlutfjár .....	400.000		400.000
Hagnaður ársins .....	(	2.119.101) (	2.119.101)
Eigið fé 31.12.2023 .....	78.275.905 (	11.801.186)	66.474.719

## 13. Tekjuskattur

Tekjuskattsinneign er reiknuð en ekki færð til bókar í efnahagsreikningi vegna óvissu um nýtingu á komandi árum. Útreikningur tekjuskattsinneignar byggir á mismun efnahagsliða samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi.

Yfirfæranlegt tap í árslok 2023 greinist sem hér segir:

Skattalegt tap ársins 2013 nýtanlegt til 2023 .....	5.833.505
Skattalegt tap ársins 2014 nýtanlegt til 2024 .....	798.570
Skattalegt tap ársins 2015 nýtanlegt til 2025 .....	1.984.172
Skattalegt tap ársins 2016 nýtanlegt til 2026 .....	4.534.506
Skattalegt tap ársins 2017 nýtanlegt til 2027 .....	2.403.962
Skattalegt tap ársins 2018 nýtanlegt til 2028 .....	817.679
Skattalegt tap ársins 2019 nýtanlegt til 2029 .....	3.021.241
Skattalegt tap ársins 2023 nýtanlegt til 2033 .....	1.497.682
Yfirfæranlegt skattalegt tap samtals .....	20.891.317

Tekjuskattseign greinist þannig:

	2023	2022
Rekstrarfjármunir .....	2.250.348	2.155.511
Frestaður gengismunur .....	(9.255)	(15.608)
Yfirfæranlegt skattalegt tap .....	4.178.263	3.853.125
Virðisrýrnun tekjuskattseigna .....	(6.419.357)	(5.993.028)
Skatteign samkvæmt efnahagsreikningi .....	0	0

## 14. Farice ehf. Limited

Í maí 2022 var dótturfélag Farice á Írlandi stofnað, Farice ehf. Limited, en tilgangur félagsins er lögformlegt eignarhald á lendingarleyfi IRIS strengsins að kröfu írska ríkisins. Fyrir liggur að engin starfsemi verður í írska félaginu og því ljóst að áhrif þess á afkomu og efnahag móðurfélagsins eru engin. Því er ekki saminn samstæðuársreikningur og jafnframt horfið frá hlutdeildaraðferð, í samræmi við heimildir ársreikningalaga.

# Skýringar

---

## 15. Tengdir aðilar

Hluthafar, stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og nánir fjölskyldumeðlimir teljast til tengdra aðila. Engir tengdir aðilar keyptu þjónustu af félaginu árið 2023 og félagið greiddi ekki fyrir vörur eða þjónustu frá tengdum aðilum á árinu.

## 16. Rekstrarhæfi

Á undanförunum árum hefur félagið verið rekið með umtalsverðu tapi en á sama tíma hefur EBITDA og fjárstreymi frá rekstri verið jákvætt. Árið 2019 greiddi félagið upp óhagstæð lán, tók ný á hagkvæmari kjörum og uppsafnað tap í ársbyrjun 2019 var jafnað með lækkun á hlutafé.

Á grundvelli framangreinds er það mat stjórnar félagsins að ekki sé ástæða til að efast um rekstrarhæfi Farice í árslok 2023.

# Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í ljósi þess hversu veigamiklu hlutverki Farice gegnir í íslensku samfélagi þykir stjórnendum rétt að upplýsa um starfsemi ársins umfram fjárhagslega afkomu. Almennings og hagaðilum gefst þannig kostur á að fá innsýn inn í áherslur og stefnu félagsins, enda mikilvægi fjarskiptaöryggis fyrir stjórnvöld, atvinnulíf og almenning í landinu óumdeilt.

Farice hefur byggt þrjá fjarskiptasæstrengi, sem liggja til Evrópu en þriðji og nýjasti sæstrengurinn, IRIS, var tekinn í notkun 1. mars 2023. Tilkoma nýja strengsins eykur fjarskiptaöryggi landsmanna umtalsvert og tengist Ísland nú fjórum Evrópuríkjum: Skotlandi, Danmörku, Færeyjum og Írlandi. Helstu afhendingarstaðir þjónustu utan Íslands eru í London, Dublin og Amsterdam.

## Samfélagsleg ábyrgð

Farice hefur gengið frá styrktarsamningum við þrjár björgunarsveitir sem starfa á svæðum landtökustöðva sæstrengjanna; Björgunarsveitina Ísólf á Seyðisfirði, Björgunarsveitina Mannbjörg í Þorlákshöfn og Björgunarsveit Landeyja. Starf björgunarsveitanna byggist á óeigingjörnu starfi sjálfbæðaliða sem búa yfir mikilli þekkingu á þeim svæðum sem þær starfa á og hafa færni og getu til að bregðast við í krefjandi aðstæðum við björgunaraðgerðir fólks og eigna.

Staðsetningar landtökustöðva Farice voru valdar eftir ítarlega skoðun á staðháttum og umhverfisþáttum, svo sem veðurfari og mögulegri staðbundinni náttúruvá, en í ljósi yfirstandandi atburða á Reykjanesskaga hefur gildi björgunarsveitanna tvímælaust sýnt sig. Því þykir stjórnendum eðlilegt og skynsamlegt að styrkja björgunarsveitirnar á svæðum landtökustöðvanna og leggja þannig grunn að traustum samstarfsgrundvelli.

## Umhverfismál

Félagið hefur hafið innleiðingu Grænna skrefa sem er verkefni á vegum Umhverfisstofnunar sem miðar að því að aðstoða ríkisfyrirtæki og stofnanir sem vilja draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni og efla umhverfisvitund starfsfólks. Á ársbyrjun 2024 fékk félagið viðurkenningu fyrir að hafa lokið fyrsta áfanganum af fimm og verður vegferðinni haldið áfram á komandi árum. Félagið stefnir á að taka öll fimm skrefin og lítur á verkefnið sem fyrsta áfangann í að auka sjálfbærni rekstursins og stuðla að jákvæðara vistspori.

## Gæðamál

Net- og upplýsingaöryggi hefur ávallt verið í forgangi í starfsemi félagsins, enda byggir fjarskiptasamband Íslands við útlönd á þeim mikilvægu innviðum sem sæstrengirnir eru. Á árinu 2023 hóf Farice innleiðingu á formlegu stjórnkerfi net- og upplýsingaöryggis, byggt á ISO/IEC 27001:2022 staðlinum. Ný fjarskiptalög tóku gildi árið 2022 (lög nr. 70/2022) og er innleiðing stjórnkerfisins í samræmi við áherslur Fjarskiptastofu í kjölfar nýrra fjarskiptalaga. Í því ljósi, telur Farice einkar mikilvægt að eiga gott samstarf við Fjarskiptastofu eins og aðra eftirlitsaðila.

Við árslok var gengið frá ráðningu gæðastjóra sem hóf störf í ársbyrjun 2024 og er um að ræða nýtt starf hjá félaginu. Gæðastjóri mun leiða innleiðingarferli ISO/IEC 27001 á komandi ári og jafnframt tryggja viðhald og rekstur stjórnkerfisins til framtíðar. Með innleiðingu ISO/IEC 27001:2022 stjórnkerfisins mun félagið þannig treysta enn frekar núverandi gæðakerfi fyrirtækisins sérstaklega með tilliti til upplýsingaöryggis, netöryggis, skjalfestingar og persónuverndar.

## Önnur mál

Á árinu voru lögð drög að innleiðingu Beyond Budgeting aðferðafræði, sem lýsa má sem stjórnunarlegri hugmyndafræði sem gengur út á að draga úr vægi hefðbundinnar fjárhagsáætlunargerðar og stuðla þess í stað að fyrirtækjamenningu þar sem hagsmunir félagsins á öllum sviðum eru hafðir að leiðarljósi. Aðferðafræðin samrýmist nú þegar fyrirtækjamenningu Farice að flestu leyti en helsta breyting er að nú hafa stjórnendur tekið upp rúllandi fjárhagsspá samhliða hefðbundinni fjárhagsáætlun. Rúllandi fjárhagsspá félagsins horfir tvö til fimm ár fram í tímann og er uppfærð með tilliti til nýjustu vendinga hverju sinni, en slíkt er nauðsynlegt í ljósi þess hve hvíkur og síbreytilegur tækniheimurinn er sem félagið starfar í.

Félagið finnur til ábyrgðar sem hluti af mikilvægum innviðum landsins og starfsfólk er einhuga um það ábyrgðarstarf sem fram fer í daglegum rekstri. Á árinu gekk félagið í gegnum stefnumótunarferli þar sem starfsfólk valdi gildi félagsins, sem segja má að rammi inn ríkjandi fyrirtækjamenningu:

*Áreiðanleiki – Ábyrgð – Fagmennska – Virðing*